



Stutt samantekt framsögerinda

Fyrsta mannvirkjaþing FRÍ var haldið föstudaginn 10. febrúar 2012. Í fyrri hluta ráðstefnunnar var fjallað um stefnu FRÍ, hlutverk frjálsíþróttta í alþjóðlegu umhverfi og loks hvernig unnið er að þessum málum í Finnlandi, sem dæmi. Í öðrum hluta ráðstefnunnar var fjallað um stöðuna hér á landi, farið var yfir söguna og fjallað um sóknarfæri í bættum samskiptum og með samstarfi.

Í upphafserindi ráðstefnunnar fór **Stefán Halldórsson** formaður FRÍ yfir meginmarkmið FRÍ fyrir byrjendur, lengra komna iðkendur og afreksfólk. Hann fór yfir þá aðstöðu sem stjórn FRÍ telur að þurfi að vera fyrir hendi sem gætu þjónað þessum hópum. Byrjendaaðstaða þarf að vera í heimabyggð, við skólalóðir og aðgengilegir sem flestum. Slíkt er nauðsynlegt til að börn geti kynnst íþróttinni og haft val um að stunda þessa íþrótt. Keppnisvöllur þyrfti að vera í innan 60 km fjarlægðar, en æfingavellir nær. Eðlilegt markmið væri að öll íþróttaféllög hefðu aðgang að efna til keppni í sinni heimabyggð. Þörfum keppnisfólks væri hins vegar nokkuð vel mætt, en 91% þjóðarinnar hefur aðgengi að velli innan 60 km. Við þyrftum að hafa velli og búnað til að geta sinnt alþjóðlegu samstarfi og þyrftum að hafa að lágmarki tvo 8 brauta velli. Laugardalsvöllur er eins og staðan er nú á undanþágu vegna ástands brauta og ekki er fyrir hendi löglegt kastbúr á vellinum. Brýnustu verkefni sagði hann væri að fá fullgildan völl á Reykjanesi, bættu aðstöðu á Vestfjörðum og á Snæfellsnesi og svo þyrfti ódýrari aðstöðu í einstökum hverfum á höfuðborgarsvæðinu og í helstu þéttbýliskjörnum á landinu. Þessir vellir þyrftu að vera sem flestum aðgengilegir þannig að fólk á öllum aldri gæti stundað göngu eða hlaup og fengi að spreyta sig í frjálsum leik. Þá lagði hann áherslu á að frjálsíþróttir væru iðkaðar víðar svo sem á götum og gangstígum og að merkja mætti mældar hlaupaleiðir um allt land.

Hansjörg Wirz formaður Frjálsíþróttasambands Evrópu (EAA), fjallaði um þær breytingar sem hafa átt sér stað í Evrópu og aðstaða til að halda stór frjálsíþróttamót væri af mjög skornum skammti í Evrópu í dag. Þetta væri tilkomið þar sem frjálsíþróttaaðstaðan hefði verið fjarlægð á mörgum völlum vegna kröfu knattspyrnunar, þar sem þessi aðstaða hefði verið sameiginleg til margra ára. Þá hefði efnahagsástand undanfarinna ára gert frjálsíþróttum erfiðara um vik. Frjálsíþróttamót eru krefjandi fyrir áhorfendur. Margt er að gerast í senn og því erfitt að fylgjast með öllu því sem gerist, gagnstætt mörgum öðrum íþróttagreinum. Eins væru stór mót flókin og krefðust mikils skipulags. Hins vegar sagði hann frjálsíþróttir vera þannig íþrótt, að áhorfendur geti verið þátttakendur í atburðarásinni og haft áhrif með hvatningum. Eins geta áhorfendur búið sig undir afrek, t.d. í hástökki eða í langhlaupi þegar met eða bættur árangur er í uppsiglingu. Frjálsíþróttir þurfa, sagði hann, sníða sér stakk eftir vexti. Þau þurfa einnig að eiga gott samstarf við aðrar íþróttagreinar, stjórnvöld og fleiri aðila. Mótin þurfa að vera skipulögð fyrirfram og vel undirbúin. Ísland er sagði Hansjörg hluti af hinu alþjóðlegu umhverfi og hafa bæði og þurfa að takast á við stór verkefni, t.d. Smáþjóðaleikana 2015 og eins og að Evrópukeppnin í fyrra sýndi fram á, þá er getur Ísland staðið sig. Ríki, sveitarfélög og ÍSí þurfa að vinna með hreyfingunni að þessum málum.



Mannvirkjaþing FRÍ, 10. febrúar 2012

Í Finnlandi er mjög gott samstarf Frjálsíþróttasambands Finnlands (SUL) við bæði félög og aðra sambandsaðila, ríki og sveitarfélög um uppbyggingu, rekstur og úthlutun viðburða. **Pasi Oskanen**, formaður mannvirkjanefndar SUL fór greindi frá reynslu í Finnlandi. SUL kemur að stefnumótun uppbyggingar frjálsíþróttamannvirkja, en mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir síðan ákveðinn stuðning og styrk til verkefna á vegum sveitarfélaganna. Eins þegar kemur að umsóknum um alþjóðleg mót, kemur ríkisvaldið og það sveitarfélag sem mótið verður haldið í, markvisst að undirbúningi og umsókninni líka. Umsókn um alþjóðlegt mót er hluti af stærri mynd og farið er yfir hlutverk félags, sveitarfélags og annarra við gerð umsóknar, en sveitarfélög leggja til stuðning. SUL getur ekki gert formlegar kröfur, en býður fram þjónustu og þekkingu ásamt fræðslu. Einnig veitir sambandið stuðning við öflunar viðurkenningar (certificates) fyrir velli eftir undangengna úttekt. Frumkvæði og kröfur verða að koma frá félögum. Ríkisvaldið leggur til að jafnaði um 20% kostnaðar við gerð frjálsíþróttamannvirkja. Í sérstökum tilfellum allt að 50% kostnaðar.

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri Íþróttá- og tómsundarsviðs Reykjavíkurborgar fór yfir uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík á undanförunum áratugum. Hann sagði ólíklegt mjög að byggður yrði nýr völlum fyrir Smáþjóðaleikana hér á landi 2015 vegna ástandseins í efnahagsmálum í landinu. Hann benti á nauðsyn þess að íþróttafélög í einstökum greinum ynnu saman um stefnumótun og notkun íþróttamannvirkja og lagði til að mótaðar yrðu hugmyndir um hvernig hægt að væri að “skiptast” á tímum milli sveitarfélaga.

Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss fór yfir uppbyggingarferli á íþróttasvæði á Selfossi í Árborg. Hann lýsti sameiginlegri stefnumótun mismunandi íþróttagreina hjá félaginu og hvernig félagið í heild sinni náði miklu betri árangri með þeim hætti. Ennfremur lýsti hann samstarfi bæjaryfirvalda og deildarinnar þegar kom að uppbyggingu og hönnum frjálsíþróttvallarins og kaupum á búnaði og áhöldum.

Jón Sævar Þórðarson, þjálfari og formaður Íþróttá- og afreksnefndar FRÍ, rakti þróun uppbyggingar íþróttamannvirkja og hvaða afleiðingar það hefði í för með sér, ef ekki væri haft samráð við notendur, íþróttafólk og þjálfara. Hann rakti nokkur dæmi máli sínu til stuðnings.

Jóhanna Ingadóttir fulltrúi íþróttamannanefndar FRÍ fór yfir óskir og viðhorf íþróttafólksins. Hún nefndi í því sambandi aðgengi að íþróttamannvirkjum þyrfti að vera gott og mæta þörfum keppendanna, nauðsynleg áhöld og búnaður þyrfti að vera til staðar ásamt aðstöðu til hvíldar og endurheimt, s.s. heitir pottar og ísböð o.fl. fyrir afreksfólkið sérstaklega. Hún rakti aðstöðuna í Laugardal og setti fram punkta um það sem henni fannst að hægt væri að laga. Benti hún jafnframt á að á eð við Laugardalsvöllinn skorti lyftinga- og þrekaðstöðu og æfingaúrræði þegar aðalleikvanginum væri lokað vegna knattspyrnuæfinga.